

FUNDARGERÐ FRÁ FUNDI SVÆÐISSKIPULAGSNEFNDAR – 28. mars 2023

Samantekt frá fundi svæðisskipulagsnefndar um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið.

Tilgangur fundarins er að yfirfara minnisblað um fjárhag verkefnisins dags. 22. mars sl.

Fundur haldinn í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli þriðjudaginn 28. mars kl. 15:00 til 15:15.

Eftirtaldir fulltrúar svæðisskipulagsnefndar sitja fundinn:

Arnar Freyr Ólafsson, Rúnar Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Ísleifur Jónsson, Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Sigurður U. Sigurðsson, Gerður Stefánsdóttir, Smári B. Kolbeinsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Árni Eiríksson, Gunnar Aron Ólason og Vigfús Þór Hróbjartsson.

Bjarni Guðmundsson ritar fundargerð.

Helgi og Bjarni kynna minnisblaðið en í því kemur m.a. fram að nokkrar breytingar hafa orðið á fjárhagsramma verkefnisins frá því að lagt var af stað síðla árs 2020. Skýringar á því eru að á verktímanum var ákveðið að bæta við mikilvægum greiningum á víðernum og verndarsvæðum m.a. með kaupum á sérfræðiaðstoð og einnig hefur verðbólga (breyting á launum- og verðlagi) haft nokkur áhrif. Verkefnisstjórn hefur farið yfir kostnaðaráætlun ráðgjafafyrirtækisins EFLU og niðurstaðan hefur leitt til að fyrirtækið kemur til móts við verkkaupa með auknum afslætti. Verkefnisstjórn svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið leggur til að ljúka verkefninu og að skipting kostnaðar skiptist á milli aðila þannig að sveitarfélögin sem að verkefninu koma greiði 50% og Skipulagssjóður greiði skv. reglum sjóðsins 50%. Verði þetta niðurstaðan þarf hvor aðili að greiða 12 m.kr.

Niðurstaða umræðu er að svæðisskipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórnir sveitarfélaga sem að verkefninu standa að ljúka gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið og að þau skipti með sér viðbótarkostnaði til samræmis við kostnaðarskiptingu við frumáætlun frá í nóvember 2020. Bjarna falið að senda erindi á sveitarstjórnir.

Fundi lokið kl. 15:15.